

- C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1993, 6 kr/kg.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 1993.

Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja,
nr. 523 15. desember 1988.**

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Skráningarmerki skulu vera úr 1,0 - 1,5 mm þykku áli. Grunnur skal vera úr endurskini. Stafir, rönd á brúnum og flötur fyrir skoðunarmiða skulu vera upplyftir. Skráningarmerki af gerð A, B og D skulu hafa upplyftan flöt fyrir skjaldarmerki kaupstaðar/bæjar eða sýslu, þó ekki skráningarmerki skv. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. sem þess í stað skulu hafa upplyftan tígullaga flöt. Efst á skráningarmerkið skal greipt verksmiðjunúmer þess ökutækis sem ber skráningarmerkið.

Gerð skráningarmerkja skal vera sem hér segir:

- A. Stærð 520 x 110 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm. Áletrun í einni röð.
- B. Stærð 280 x 200 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.
- C. Stærð 240 x 130 mm, hæð stafa 49 mm og breidd stafleggja 7 mm.
- D. Stærð 305 x 105 mm, hæð stafa 61 mm og breidd stafleggja 9 mm.

Á skráningarmerkjum með áletrun í tveim röðum skulu bókstafir vera í þeirri efri og tölustafir í þeirri neðri.

Skráningarmerki skal nota á ökutæki samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Bifreiða-skoðun ákvæður nánar hvaða gerð skráningarmerkis skal nota á hvert einstakt ökutæki.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Á bifreið skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Grunnur skráningarmerkis skal vera með hvítu endurskini með stöfunum ÍS í vatnsmerki, en rönd á brúnum blá og stafir bláir. Á bifreið, sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð um innskatt, skal litur á brúnum og stöfum, svo og á tígullaga fletinum, þó vera rauður.

Nota skal skráningarmerki af gerð A skv. 7. gr. Þó skal nota skráningarmerki af gerð B að aftan ef merki af gerð A hentar þar ekki. Ef bifreið er hönnuð þannig að merkjum af gerð A og B verði ekki með góðu móti komið fyrir samkvæmt því sem að framan greinir skal nota merki af gerð D að framan og að aftan.

3. gr.

18. gr. orðist svo:

Skráningarmerkjum skal komið fyrir á þar til gerðum stað þar sem þau sjást vel og þau tryggilega fest. Eigi má hylja þau eða hluta þeirra. Heimilt er þó að hafa skráningarmerki í ramma sem Bifreiðaskoðun lætur í té. Ramminn skal hafa sama lit og stafir skráningarmerkisins.

4. gr.

3. mgr. 22. gr. orðist svo:

Skráningarmerki sem tekið er af ökutæki skal afhent Bifreiðaskoðun sem varðveita skal merkið í a.m.k. eitt ár. Sama er ef eigandi ökutækis leggur skráningarmerki inn til geymslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30 mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bifreið, sem skráð hefur verið fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, sbr. 2. gr. (3. málsl. 1. mgr. 8. gr.), má bera skráningarmerki með bláum brúnum og bláum stöfum, eftir atvikum skráningarmerki af eldri gerð, til 30. júní 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. desember 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.3011	11
1806.3101	45	1905.3019	14
1806.3109	45	1905.3021	20
1806.3202	45	1905.3029	20
1806.3203	17	1905.4000	12
1806.3209	17	1905.9011	26
1806.9002	15	1905.9019	5
1806.9003	43	1905.9020	4
1806.9005	50	1905.9040	38
1806.9006	43	1905.9050	92
1806.9009	45	1905.9090	46
1905.2000	29		